

Æskulýðsstarf Geysis 2019 – 2020



Æskulýðsstarf Geysis hefur tekið verulegan kipp síðastliðin tvö ár og hefur verið gaman að fylgjast með hvernig starfið hefur blómstrað og virðist áhuginn vera mikill á hestamennsku á svæðinu sem nær frá Þjórsá að Markafljóti. Vissulega var þetta tímabil meiri áskorun en árin áður þar sem covid gerði það að verkum að fresta þurfti mörgum viðburðum og náðum við ekki að klára öll vetrarnámskeiðin. En þegar tækifæri gafst og samkomutakmörk leyfðu ákveðin fjölda þá reyndum við að halda áfram með starfið og bættust við nokkrar nýjungar við starfið eins og 5 daga sumarnámskeið og síðastliðin vetur voru einnig í boði vegna eftirspurnar, krílanámskeið, fyrir aldurshóp frá 2 – 4 ára. Þrátt fyrir erfiðan vetur vegna Covid þá erum við ánægð með þátttökuna á þeim viðburðum sem að við buðum uppá og erum við einstaklega hreykin af því að samtals voru um 144 börn sem tóku þátt á námskeiðum á vegum eða í samstarfi við Geysi.

Hér fyrir neðan verður farið yfir helstu viðburði síðasta tímabils.

Jólabingó

Eins og oft áður þá byrjuðum við starfið á bingói sem var haldið sunnudaginn 24 nóvember, 2019. Það var heldur betur góð mæting eða um 120 manns og voru vinningarnir glæsilegir eins og venjulega og þeir sem styrktu okkur í þetta sinn voru: Miðás - Miðkot - Dufþaksholt - Þúfa í Landeyjum - Dýralæknirinn á Sandhólaferju - Fet - Margrétarhof - Ice Events - Hótel Rangá - Stracta Hótel – Kristín og Hafsteinn/Akurey – Sumarliðabær – Efri Hvoll – Hugleikur / Steinar Sigurbjörnsson – Hótel Fljótshlíð / Smáratún. Færum við þeim okkar bestu þakkir fyrir stuðninginn.



Þéttsetin salur yfir bingóspjöldum

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Æskunnar hjá Geysi var haldin sunnudaginn 12. janúar í Rangárhöllinni á Hellu. Fín mæting var þrátt fyrir leiðinlegt veður. Allir þeir sem tóku þátt í reiðnámskeiðum, pollastundum eða á öðrum viðburðum æskulýðsnefndar Geysis fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna. Reiðkennarar reiðnámskeiða 2020 komu og kynntu sig og sín námskeið. Knapi Geysis 2019, Guðmundur F. Björgvinsson og Ungmenninn Geysis 2019, Eyjalína Harpa Eyjólfssdóttir komu og sögðu aðeins frá sinni hestamennsku. Að lokinni kynningu og viðurkenningum þá var boðið uppá pizzu. Alltaf gaman þegar vel gengur og margir taka þátt.

Almenn reiðnámskeið

Eins og í fyrra þá var mjög góð þátttaka á reiðnámskeiðum á vegum Geysis en í fyrra varð algjör sprenging þegar **70 börn** voru skráð á reiðnámskeið. Í ár voru það hins vegar **90 börn** sem voru skráð á almenn reiðnámskeið sem við erum himinlifandi með. Hægt var að skrá sig í 6 eða 12 vikna almennt reiðnámskeið. Þetta var alveg frá pollaflokki uppi í 14 ára aldur. Námskeiðin hófust svo í janúar 2020 og var boðið var boðið uppá námskeið á tveimur stöðum, Skeiðvangi / Hvolsvelli, og á Skeiðvöllum / Rangárþingi Ytra. Krökkunum var skipt upp í hópa sem fóru eftir aldri og getu. Eins og í fyrra þá sá Alma Gulla Matthíasdóttir um kennsluna. Því miður þá þurfti að fella niður þessi námskeið um miðjan mars þegar komu á samkomutakmarkanir. Á Hellu hefur einnig Theresa Sundberg boðið uppá námskeið fyrir krakka sem að hafa ekki aðgang að hrossum og útvegar hún bæði hesta og öryggisbúnað. Hún hélt námskeið um haustið en ekkert varð úr fleiri námskeiðum um vorið vegna Covid.

Keppnisnámskeið

Eins og nafnið gefur til kynna þá er þetta námskeið fyrir börn, unglunga og ungmenni sem hafa áhuga á keppni og að fá aðstoð við að undirbúa sig og hestinn sinn fyrir keppni. Hver og einn fékk einstaklingsmiðaða þjálfun fyrir sig og hestinn sinn. Í ár fengum við til liðs með okkur þau Hans Þór Hilmarsson og Arnhildi Helgadóttir og skiptu þau niður í sex, 2 manna hópa sem að fengu svo handleiðslu hjá þeim fram í miðjan mars eða þegar við þurftum því miður að fresta þessu námskeiði vegna Covid. Á þetta námskeið voru 12 krakkar skráðir.

Krílahópur – nýjung hjá Geysi

Ótrúlegt en satt þá var eftirspurn frá foreldrum enn yngri barna en í pollaflokk og var brugðist við því í samstarfi við Ölmú Gullu Matthíasdóttur. Boðið var uppá Krílanámskeið fyrir börn á aldrinum 2 – 5 ára. Þessir hópar hittust síðan, ásamt foreldrum sem þurftu að veita stuðning, á Strandarhöfði og Árbæjarháleigu en alls voru 14 börn sem tóku þátt á þessu námskeiði. Námskeiðin gengu vel og kom það kennara jafnt sem foreldrum á óvart hvað hægt er að fá svona ung börn til að gera á hesti en tímarnir voru 30 mínútur í senn.



Myndir frá Krílanámskeiðinu

Hestatengt föndurkvöld

Þetta kvöld er orðið ótrúlega vinsælt og myndast skemmtileg og góð stemmning á þessum kvöldum. Í þetta skipti bjuggum við til hestakertaljósaþráttur sem voru málaðar og skreyttar eftir höfði hvers og eins. Listaverkin komu skemmtilega út og lýstu eflaust upp mörg heimilin í vetur. Mætingin var góð eða um 50 manns mættu og eftir föndrið var boðið uppá léttu hressingu.



Myndir frá föndurkvöldinu

Krakka og pollastund

Eins og síðastliðin ár þá hefur æskulýðsnefndin tekið að sér að sjá um krakka og pollastund á öllum vetrarleikum vetrarins (í febrúar – mars). Þetta er gert til þessa að auka gleðina og að allir geti verið með. Settar eru upp þrautabrautir fyrir polla og krakka sem vilja kannski ekki endilega keppa í tölta eða eru of ung til að taka þátt í barnaflokknum. Þetta tókst mjög vel í ár eins og í fyrra og er þetta orðin mjög fjölmennur hópur eða allt að 20 börn í hvert skipti.



Hopp og leikjadagur – Nýjung hjá Geysi

Einn laugardagsseinnipart í febrúar var haldin hopp og leikjadagur í Rangárhöllinni þar sem sett var upp hindrunarstökk braut og þrautabraut. Var þessi dagur settur upp til æfingar fyrir Páskahoppmótið og einnig fyrir mótaröðina Æska Suðurlands þar sem keppt er bæði í hindrunarstökki og smala sem var reyndar frestað vegna Covid. Einnig var þessi dagur hugsaður sem tilbreyting frá hefðbundnum reiðkennslum. Fín mæting var og skemmtu sér allir mjög vel.



Viðburðir sem þurfti að aflýsa vegna Covid

Óvissuferðin, þessi skemmtilega ferð var á dagsskrá í mars en því miður þá þurfti að aflýsa henni vegna Covid. Hún dettur bara sterk inn á næsta ári.

Æskulýðssýning Geysis, það var slæmt að geta ekki haldið þessa sýningu í ár því þetta hefur verið hápunkturinn á starfinu hjá okkur en hún verður vonandi enn stærri á næsta ári í staðinn.

Páskahoppmót, þetta var skemmtileg viðbót við keppnisflórana og verður vonandi á næsta ári.

Æska suðurlands – Geysir hefur tekið þátt í undirbúning á þessum mótum sem var frestað.

Fjölskyldureiðtúr

Það rofaði aðeins til í Covid faraldrinum í sumar og nýttum við tækifærið og skelltum á fjölskyldureiðtúr á vegum nefndarinnar. Eins og síðast þá hittumst við í Miðkoti og riðum niður í fjöru. Þetta er orðin ákveðin hefð að ríða þaðan niður í fjöruna sem er alveg frábær reiðleið. Ágætis mæting var í reiðtúrinn eða 20 manns. Heppnin var með okkur varðandi veður og eftir hestaferðina þá var dekað upp hlaðborð sem er orðin hefð fyrir en allir sem taka þátt í reiðtúrnum koma með eitthvað góðgæti. Þetta var yndislegur dagur.



Myndir úr fjöruferðinni

Sumarnámskeið – Nýjung hjá Geysi

Þar sem ekki tókst að klára öll vetrarnámskeiðin þá var boðið uppá sumarnámskeið í samstarfi við Ölmú Gullu. Framkvæmdin var þannig að börnin komu með sinn eigin hest og búnað í Traðarás í Landeyjum þar sem kennslan fór fram. Námskeiðin stóðu yfir frá 9 – 12. Lögð var áhersla á almennar útreiðar og farið var í fjöruferð, buslað og sundriðið í á og lækjum nálægt. Námskeiðin heppnuðust vel en um 28 börn voru skráð til leiks frá 6- 14 ára. Alls var kennt í 3 vikur og hver vika var aldursskipt svo hóparnir væru nálægt hvort öðru í getu. Færri komust að en vildu og stendur til að fjölga þessum námskeiðsvikum sumarið 2021.





Mótahald

Vegna Covid voru ekki mjög mörg mót haldin á þessu tímabili en tíminn eflaust vel nýttur til þess að undirbúa sig fyrir næsta tímabil þ.e.a.s. þeir sem að hafa áhuga á að keppa.

Takk fyrir okkur - Æskulýðsnefnd Geysis 2019 - 2020

Katrín Sigurðardóttir - Sarah M.Nielsen – Anna B. Indriðadóttir – Ragnheiður Kristjánsdóttir

Ása Ljungberg - Eydís Hrönn Tómasdóttir - Kristín Svandís Jónsdóttir – Majken Egumfeldt Jørgensen – Jakobína Agnes Valsdóttir